

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

Erum einnig á visir.is

MARS 2022



3. tbl. 25. árg.

OPIÐ
8-24
ALLA DAGA
Á EIDISTORGI
HAGKAUP
Skammtilegast að versla

- bls. 4-5
Viðtal við
Tómas A. Tómasson
alþingismann



Nýtt Lækjartorg

Lækjartorg mun verða byggt upp frá grunni samkvæmt tillögnum Borgarlind eftir Sp(r)int Studio og Karrens en Brands. Tillagan bar sigur úr bítum í hönnunarsamkeppni um Lækjartorg og aðliggjandi gatnarými. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra veitti verðlaunahöfum viðurkenningar ásamt Degi B. Eggertssyni borgarstjóra á samgöngufundi Reykjavíkurborgar í Ráðhúsi Reykjavíkur 4. mars sl. Nánar er fjallað um tillöguna og Lækjartorg fyrr og nú á bls. 8.



Betri laun

VIRTUS
Bókhald | Laun | Ráðgjöf
virtus.is

Velkomin á Grandann
Nú sækjum við og skilum bílnum

AFGREIÐSLUTIMI
mán. – fös. kl. 8–16:30

Frumherji

Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • www.frumherji.is



Apótekið þitt í hverfinu þínu
Héðinshúsinu Seljavegi 2

FAGLEG RÁÐGJÖF • LYF • SNYRTIVÖRUR • HEILSU- & NÁTTÚRUVÖRUR

REYKJAVÍKUR  APÓTEK
Héðinshúsinu Seljavegi 2

Persónuleg ráðgjöf lyfjafræðings
Hagstætt verð

Melabúðin
VERSLUN SÆLKERANS

Má ekki fara að grilla?

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími: 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Póstdreifing ehf.

3. tbl. 25. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í pósthólum 107, 102 og 101.

Umdeild sáttatillaga við Einimel



Sundlaugartúnið og Einimelurinn. Á myndinni sést hvernig íbúar þriggja húsa við Einimel hafa tekið land í fóstur. Um réttmæti þess hefur verið deilt. Einnig er deilt um þá tillögu skipulagsráðs að lóðarmörk við Einimel 18 til 26 verði færð út sem nemur 3,1 metra.

Lækjartorg

Kynntar hafa verið niðurstöður úr verðlaunasamkeppni um framtíðarskipulag Lækjartorgs. Í tillögunum birtist glæsileg framtíðarsýn fyrir þennan borgarhluta sem árum saman hefur verið afskiptur.

Flest bendir til að þessar hugmyndir muni verða að veruleika á næstu árum. Endurgerð Lækjartorgs er liður í því verkefni að endurreisa Miðborgina.

Sjávarsíðan hefur tekið miklum breytingum. Samfelld borgarbyggð ofan frá Rauðará vestur í Örfirisey hefur orðið til í stað götöttra borgarhluta. Með hugmyndum um endurgerð og framtíð Lækjartorgs verður enn fyllt í þá miðborgarmynd sem skapast hefur á umliðnum árum.

Breyttur heimur

Úpphafi ársins 2022 breyttist heimurinn. Um liðin aldamót virtist friðvænlegra í veröldinni en oft áður. Átaka svæði voru í Austurlöndum nær og arabíska vorið kom síðan en rann að mestu út í sandinn.

Úpphafi árs réðust Rússar með hervaldi inn í nágrannaríkið Úkraínu. Þótt margir hafi trúað að Rússland yrði hluti hins friðsama heims eftir fall Sovétríkjanna var um skeið farið er bera á óróleika stjórnenda í Moskvu og einkum Pútsins forseta og hins innsta hring.

Pútin og félagar voru farnir að sýna leynt og ljóst að hugar þeirra stæði til að ná einhverjum hluta hinna gömlu Sovétríkjanna undir Rússland. Þeir vildu forðast Vesturlönd og létu í ljósi sviða undan falli Sovétsins.

Og nú varð ekki lengur beðið. Pútin að verða sjötugur sem er hár meðalaldur rússneskra karlmanna. Hann sá að hann hefði ef til vill ekki mikinn tíma til að ná markmiðum sínum um leppríki eða beina landvinninga.

Og herinn var sendur af stað til að brjóta frjálsa Úkraínu á bak aftur. Nú er barist með grimnum og óhugnanlegum hætti í heitu stríði. Hvort sem því lýkur með sigri eða samningum er heimurinn breyttur. Rússland hefur sagt sig úr samfélagi síðaðra þjóða. Langan tíma mun taka að vinna aftur það traust sem það þó nauð.

Lengi hefur verið deilt um lóðir nokkurra einbýlishúsa við Einimel í Vesturbænum í Reykjavík. Sögu þessara deilna má rekja til þess að nokkrir húseigendur við götuna tóku landskika í fóstur eins og það er kallað. Þessar lóðir snúa að sundlaugartúninu við Vesturbæjarlaugina. Hugtakið að taka land í fóstur þýðir ekki eignarétt og geta lóðarhafar umræddra lóða því ekki skotið sér á bak við eignaréttarhugtakið. Lóðarhafar hafa þreifað fyrir sér um að fá lóðir sína stækkaðar sem nemur því landi sem þeir hafa tekið í fóstur og afmarkað með girðingum. Afstaða Reykjavíkurborgar til þess hefur þó verið neikvæð.

Nú vikur svo við að borgin hyggst koma til móts við lóðarhafa og eigendur þessara húsa að nokkru leyti. Í nýlegri fundargerð skipulagsráðs Reykjavíkur var lögð fram tillaga að deiliskipulagi Vesturbæjarlaugar. Í tillögunni felst að lóðarmörk við Einimel 18 til 26 eru færð út sem nemur 3,1 metra og minnkar lóð Vesturbæjarlaugar sem því nemur samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppdrætti frá Eflu frá 27. janúar 2022.

Samkvæmt fundargerð skipulags- og samkomuráðs virðist ánægja með þess lausn meðal borgarfulltrúa á margra ára deilumáli og samþykkt hefur verið að vísa henni til borgarráðs.

Ekki allir sammála

Þessu eru ekki allir sammála. Hugmyndir að nýju deiliskipulagi við Vesturbæjarlaugina er umdeilt á meðal íbúa sem sumir hverjir telja að verið sé að taka af borgarlandi og afhenda handhöfum einkalóða hluta af landi sem þeir hafa aðeins haft í fóstur. Með því sé verið að minnka sundlaugartúnið en einnig að í þessu felist verðmæt gjöf til handhafa þessara lóða. Íbúum í Vesturbæjarhópnum finnst til dæmis mörgum að borgin hefði átt að taka allt landið til baka án þess að lengja lóðir fólksins aðeins á móti. Pawel Bartoszek, borgarfulltrúi Viðreisnar, segir: „Við höfum litið svo á að þetta sé borgarland, þannig að samkomulagið snýst um að þetta hopi næstum því að lóðarmörkunum sem við töldum vera og þau hafi þá heimild til að setja upp nýtt grindverk á hinum nýju lóðarmörkunum.“

HÚSVERNDARSTOFA

Fræðslustofa um viðhald og viðgerðir eldri húsa



Ókeypis ráðgjöf í Árbæjarsafni alla miðvikudaga kl. 15 – 17 um viðhald og viðgerðir eldri húsa og á sama tíma í síma 411 6333

HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070

BYKO

Allt á einum stað

fyrir baðherbergið

- ✓ Bað- og blöndunartæki
- ✓ Flísar og múrefni
- ✓ Málning og kíttri
- ✓ Salerni, baðkór, sturtur og handlaugar
- ✓ Innréttingar
- ✓ Handklæðaofnar

og frábær þjónusta

Ánægðustu viðskiptavinirnir **5** ár í röð!*

ÍSLENSKA
ÁNÆGJU
ÖGIN

*Skv. könnun Íslensku ánægjuvogarinnar 2017, 2018, 2019, 2020 og 2021 á ánægju viðskiptavina á byggingavörumarkaði.

Takk fyrir!

Verslaðu á netinu á byko.is



BYKO
GRANDI
KOMDU Í HEIMSÓKN!

Gamla konan sá fyrir að ég yrði þingmaður

- segir Tómas A. Tómasson alþingismaður

Tómas A. Tómasson tók sæti á Alþingi að loknum þingkosningum á liðnu hausti. Hann gaf kost á sér í fyrsta sæti fyrir Flokk fólksins í Reykjavíkurborg norður. Flokkurinn vann góðan sigur í kosningunum og á nú þingmann í öllum kjördæmum landsins. Tómas hefur nokkra sérstöðu sem þingmaður vegna þess að hann er eini maðurinn í þingsöggunni sem hefur verið kjörinn á þing eftir sjötugt. Nokkrir þingmenn hafa setið á svipuðum aldri á Alþingi en hafa þá verið kjörnir fyrir sjötugt. Tómas segir að þessi hugmynd hafi vaknað með sér fyrir 44 árum og hann féllst á að spjalla við Vesturbæjarblaðið að þessu sinni.

Hvað var það í lífi Tómasar 1978 sem gerði það að verkum að hann tók ákvörðum um að stefna að þingmennsku? "Ég ákvað að að sækjast ekki eftir þingmennsku fyrr en ég taldi mig orðinn það fjárhagslega sjálfstæðan að ég þyrfti ekkert að eiga undir öðrum. En það er ákveðin saga á bak við þetta," segir Tómas og tíðindamaður gerist forvitinn.

Gamla konan

"Á þessum tíma var ég að vinna sem þjónn á veitingastað Deerfield Beach Country Club golfklúbbsi sem er staðsettur norður af Miami á Flórída jafnframt því að vera í háskólanámi. Þetta var golfklúbbsi fyrir ríka fólkið. Ameríkanar og Kanada-menn komu gjarnan að norðan og dvöldu þarna yfir vetrartímann. Margir miðuðu við að fara heim eftir páska þegar sumarið var farið að nálgast í heimkynnum þeirra. Þarna var eitt sinn vel stæður maður sem hafði tekið móður sína með ásamt fjölskyldunni. Hún var norsk og bjó í Noregi og var í heimsókn hjá syni sínum. Þegar gamla konan áttaði sig á því að ég var frá Íslandi þá vildi hún tala heilmikið við mig. Hún var alltaf að kalla á mig til

að spjalla, vitandi um skyldleika Noregs og Íslands. Svo var það eitt sinn er kvöldið var búið að hún kallaði sérstaklega á mig. Hún tók í báðar hendurnar á mér og horfði grafalvarleg í augun á mér og sagði orðrétt við mig "One day you will be in Parliament". Þessi kona var hreint ekki galin. Hún var allveg með sitt á hreinu. Á þessari stundu ákvað ég að fara í stjórn málin þegar þar að kæmi. Ég hitti Steingrím Hermannsson 1991 sem þá hafði m.a. verið forsætisráðherra. Stjórn málin þarust í tal og hann sagði að faðir sinn Hermann Jónasson, sem einnig hafði verið forsætisráðherra, hefði sagt við sig að fara ekki í stjórn málin fyrr en hann væri orðinn fjárhagslega sjálfstæður og engum háður. Ég er í dag fjárhagslega sjálfstæður og minn tími virtist kominn er fundum okkar Ingu Sæland bar saman. Ég er 72 ára gamall og var kosinn inn á Alþingi í september sl. Það hefur aldrei gerst áður að svo fullorðinn maður hafi verið kosinn í fyrsta skipti á Alþingi. Eldri menn hafa reyndar setið á þingi en hafa þá hlötið kosningu innan við sjötugt. Í dag er ég eini maðurinn sem er kominn yfir sjötugt á þinginu".


Skemmtileg vinna

Hvernig var svo að koma inn í þingið? Öðruvísi en þú áttir von á?

"Þetta er skemmtilegasta vinna sem ég hef unnið um ævina og er ég þó búinn að gera margt skemmtilegt. Allir eru mjög almennilegir og starfsfólkið boðið og búið að hjálpa manni. Maturinn er í hæsta gæðaflokki og allur aðbúnaður er eins og best verður á kosið og þingmenn hvort sem þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu eru sérstaklega hlýlegir og tillitssamir þótt menn kunni að hafa sitt hvora skoðunina. Skoðanaskiptin koma einkum fram inn í þingsalnum og í ræðustólum, en þegar út er komið eru allir vinir."

Erum öll á sömu línunni

Tómas vikir að Flokki fólksins sem hann situr á þingi fyrir. "Í okkar flokki ríkir sérdeilis góður andi. Ég þakka það Ingu Sæland fyrst og fremst. Hún er mjög afgerandi leiðtogi flokksins og heldur okkur þétt saman eins og sannri forystumanneskju ber. Við oddvitar flokksins í kjördæmunum sex erum eðlilega með margvíslegar skoðanir, en komum okkur alltaf saman um málefni þannig að við séum ekki upp á kant hvert við annað. Við erum í raun mestmegnis öll á sömu línunni, þannig að við eigum auðvelt að ná saman. Aðaláhersla okkur varðar þá sem minnst mega sína. Hvort sem það eru öryrkjar, eldra fólk eða þeir sem hafa minnst á milli handanna. Á okkar stefnuskrá er að liðka til fyrir þeim eins og við getum. Svo hefur blóðmeramálið verið ofarlega á dagskrá okkar flokks. Inga tók þetta mál algerlega í fang sér og er búin að vera



Tómas A. Tómasson alþingismaður.

með þetta á stefnuskrá í liðlega eitt ár. Hún á heiðurinn af því hversu langt það er komið í umræðunni, innan þings sem utan. Hvort það verður afgreitt og þessu starfsemi bönnuð verður svo að koma í ljós".

Sumir eiga fasteignir og hlutabréf - aðrir ekkert

Flokkur fólksins hefur fjallað sérstaklega um málefni eldri borgara og þá ekki síst þegar komið er að starfslokum fólks. Tómas gagnrýnir að ríkið hafi lögfest þá stefnu að fólk verði að láta af störfum þegar það hefur náð sjötíu ára aldri. Hið sama sé í gildi hjá sveitarfélögum þótt það kunni að vera eitthvað mismunandi frá einu þeirra til annars. "Ég vil meina að við sem erum orðin sjötug eigum að fá að vinna ef við höfum til þess orku og hæfni. Það er í dag hægt að ráða fólk til vinnu sem komið er yfir sjötugt ef það fer í sérverkefni og vinnur sem verk-takar. Við erum t.a.m. með einn starfsmann hjá Flokki fólksins sem er orðinn sjötugur. Það átti að fastráða hann en það var af þessum sökum ekki hægt, en

hann má vera í sérverkefnum og vinna sem verktaki. Það gegnir öðru máli með mig vegna þess að ég er ekki ráðinn - heldur kosinn og er á undanþágu sökum þess. "

Bréfin urðu allt í einu mikils virði

Tómas segir að misjafnt sé hvort eldri borgarar hafi nóg sér til framfærslu eða ekki og þar komi margt til. Sumir eiga bók-staflega ekkert en aðrir hafa náð að safna einhverjum varasjóði um ævina, svona eins og gengur. Eiga kannski fasteignir og hluta-bréf eða annað sem gefur af sér arð. Hlutabréfamarkaðurinn var lítils virði fyrr en um 1993 er hann tók að lifna við. Menn áttu kannski hlutabréf í félögum eins og Eimskip eða Sjóvá sem skiptu litlu eða engu máli. Svo rauk þetta upp á ca. tveimur árum. Min fjöl-skylda átti t.a.m. hlutabréf í Sjóvá og þetta voru bara einhver bréf út í bæ. Svo kom Íslandsbanki og ýmsar sameiningar urðu í fyrirtækjageiranum og allt í einu voru þessi bréf orðin þúsunda og milljóna virði. Ég man að það var þekktur útvegsmaður um miðbik síðustu aldar sem hét Beinteinn.



UMHVERFISVÆN ÍSLENSK HÖNNUN



AS WE GROW



ASWEGROW.IS

Hann byggði þriggja hæða, sex íbúða hús við Brávallagötu. Um það bil sem hann var að ljúka við húsið hitti hann ungan mann sem hét Benedikt Blöndal og var að læra lögfræði í Háskóla Íslands. Þeir tóku tal saman og það endaði með að Beinteinn benti á húsið og sagði við Benedikt að þetta væri ellilífeyririnn sinn. Það stóð á endum að árið sem Beinteinn féll frá, seldi hann síðustu íbúðina í húsinu. Svona var umhverfið á þeim tíma. Nú eiga sumir hundruð milljóna í bréfum og bankainnistæðum heima og erlendis en svo eru aðrir sem eiga bara hreint ekki neitt.”

Verðtryggingin kemur illa við fólk

Tómas snýr sér að verðtryggingunni og hvernig hún kemur við fólk. Hann segir að mikið af lánnum sé verðtryggt en laun séu í dag óverðtryggð. “Verðtryggingin var algjör neyðarráðstöfun í miðri óðaverðbólgu á sínum tíma, tók til bæði launa og lána og átti aðeins að vara í nokkra mánuði. Síðan hafa liðið meira en fjórutíu ár. Og klippt var á verðtryggingu launa - en ekki lána. Ákveðið var sumsé af stjórnvöldum að fjármagnseigandinn skyldi gulltryggður en ekki stritandi launamaðurinn. Sá má hlaupa sig lafmóðan, eins og hamstur í hjóli til að eiga fyrir verðtryggðum afborgunum, vöxtum og vaxta-vöxtum á meðan fjármagnseigandinn strýkur sér um kviðinn. Ef skuldir hækka eftir vísitölu þá breikkar bilið á milli greiðslu-

byrði og tekna sem kemur sér ákaflega illa fyrir fólk sem ekki hefur úr miklu að spila. Þetta er í raun alveg út í hött. Þarna er grímulaust verið að hygla þeim ríku, þeim sem eiga fjármagnið og fasteignirnar. Og þetta á eftir að versna. Gjáin er að dýpka. Eldra fólk virðist vera í þannig stöðu að auðvelt sé að taka snúning á því. Það virðist líka svo auðvelt að búa til meðaltalstölur. En fólk fer ekki með meðaltalslaun í bankann til þess að greiða af lánnum eða bara í búðina til að kaupa í matinn. Út frá meðaltalinu má segja að allir hafi það gott en sá sem er með 250 þúsundin hann getur lítið nýtt sér meðaltalið. Hann á kannski rétt svo fyrir húsaleigunni hvað þá meir. Meðaltal er bara meðaltal og í því getur falist mjög ósanngjarn samanburður.”

Ekki hægt að lifa af 250 þúsundum

Tómas segir að þessi mál séu aðeins rædd í þinginu en ekki séu endilega allir að hlusta eftir því hvað þingmenn Flokks fólksins segi í þessum efnum. Umræðan um þetta sé þó farin að færast í aukana. “Flestir eru þó sammál um að útilokað sé að lifa á 250 þúsund krónum á mánuði. Flokkur fólksins hefur sagt að lágmarkstekjur til þess að lifa af séu 350 þúsund krónur á mánuði, skatta- og skerðingalaust. Þetta hljómar vel. En að koma því í framkvæmd er þrautinni þyngra og margt spilar þar inn í. Flokkur fólksins fékk vissulega aukið vægi

í síðustu alþingiskosningum. Það þýðir þó ekki endilega að hlustað verði frekar á hann.

Ótrúlegur ferill Ingu Sæland

Inga Sæland var lögblindur og efnalítill öryrki fyrir aðeins sex árum síðan. Hún lifði á örorkubótum og á miðjum aldri ákvað hún að brjótast til mennta í stjórn málafræði og síðan lögfræði og í kjölfarið að stofna stjórn málaflökk og bjóða fram til Alþingis. Hún fór í framboð en náði ekki inn. Þá var hún svo heppin að stjórnarsamstarfi var slitið á fyrsta ári eftir kosningar. Þá fór hún aftur af stað - og komst inn! Fjórir voru kjörnir inn á þing undir merkjum Flokks fólksins. Síðan slitnaði upp úr samstarfinu við tvo þeirra. Þeir voru óþægir og var sparkað. Síðan bauð hún fram aftur og fékk þá um 10% af kjörnum þingmönnum á Alþingi. Flokkur fólksins er í dag með kjördæmakjörinn þingmann í öllum kjördæmum. Við sjáum í dag skýrlega hversu ótrúlega miklu þessi manneskja hefur áorkað, manneskja sem áður var kannski bara gert góðlátlegt grín að.

Hún hefur stundum komið svolítið fram eins og Soffía fráenka og talað skýrlega úr ræðustóli Alþingis, stundum með sterkum umvöndunartóni, en stendur í dag fyrir næst stærsta stjórnarandstöðuflokki Alþingis. Hún á heiður skilinn fyrir það sem hún hefur gert. Í dag vita allir hver Inga Sæland er. Við höfum

þegar farið yfir megináherslur Flokks fólksins, blóðmeramálið þar með talið sem er er mál sem snýr einkum að því sem margir telja hreint dýraníð, en meðferðin á hryssunum í þessu samhengi er vægast sagt óhugnanleg. En það þarf að vinna að því að sveigjanleg starfslok geti orðið að veruleika. Að fólk geti hætt eitthvað fyrir eða unnið lengur ef það hefur áhuga og treystir sér til. Hlutastarf á lokatíma starfsferils ætti

að vera sjálfsgöður hlutur. Fólk ætti að eiga þess kost að vinna 50 til 60% vinnu á lokaámetrum starfsferilsins. Ég held að það geti hentað ýmsum og að því viljum við í Flokki fólksins stefna, samhliða því að tryggja þeim betri kjör sem höllum færi standa í samfélaginu,” segir Tómas A. Tómasson, þingmaður Flokks fólksins að lokum.




Sérhæfð lögfræðipjónusta með áherslu á 60+

Ráðgjöf varðandi húsnæðisskipti, erfðaskrá, kaupmála eða dánarbúskipti. Lögmaður þér við hlið við sölu fasteignar án þess að greiða aukalega fyrir þá þjónustu.

BÚUM VEL veitir nýja tegund þjónustu. Kynntu þér málið.

Elín Sigrún Jónsdóttir, lögmaður | Tryggvagötu 11, 2. hæð
Sími 783 8600 | elin@buumvel.is | www.buumvel.is

Kynningarfundur um deiliskipulag fyrir KR-svæðið

KR býður íbúum Vesturbæjar á kynningarfund um uppbyggingaráform félagsins á svæðinu.

Fundurinn fer fram í Félagshemili KR við Frostaskjól 30. mars kl 17:30.

Öll velkomin!



**BÓKIN
HEIM**

HEIMSENDING BORGARBÓKASAFNSINS



Þjónusta ætluð öldruðum og öðrum sem vegna veikinda eða annarra ástæðna, til dæmis félagslegra, eiga ekki heimangengt á bókasafnið. Persónuleg þjónusta sniðin að þörfum hvers og eins.

Sendið tölvupóst eða hringið

411 6100

borgarbokasafn@reykjavik.is

BORGARBÓKASAFNIÐ
MENNINGARHÚS

borgarbokasafn.is



BSS 2022

TUDOR rafgeymar

Er snjósleðinn tilbúinn fyrir páskana?

Veldu öruggt start með TUDOR



Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta alla leið

SKORRI

TUDOR Sérfræðingar í rafgeymum **TUDOR**

Skorri ehf • Bildshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is

Hverfastöðin Fiskislóð hlýtur BREEAM hönnunarvottun



Hverfastöðin við Fiskislóð.

Ný hverfastöð borgarinnar við Fiskislóð 37c hefur hlotið hönnunarvottun samkvæmt alþjóðlega viðurkennda vottunarkerfinu BREEAM.

Hönnunarvottunin er staðfesting á því að hönnun byggingarinnar uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru í BREEAM vottunarkerfinu um vistvæna hönnun.

Hlaut byggingin einkunnina „Very Good“ eða 65,5%. Þar með eru uppfylltar þær kröfur sem gerðar eru um vistvæn mannvirki í Græna planinu hjá Reykjavíkurborg og fellur fjárfestingin því undir fjármögnun með grænum skuldabréfum. Nú er unnið að því að ljúka fullnaðarvottun byggingarinnar.

Gamla Osta- og smjörsalan verður íbúðabyggð

Lagt hefur verið fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 8. mars 2022 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja fjölbýlishús á þremur hæðum auk kjallara fyrir alls 41 íbúð, á lóð nr. 54 við Snorrabraut sem er gamla Osta og smjörsalan. Það er félagið Snorrabraut 54 fjölbýlishús sem óskar eftir byggingarleyfi.

Húsið var reist 1929, hannað og teiknað af Einari Erlendssyni húsameistari sem á starfsævi sinni teiknaði mörg þekkt hús í borginni, til dæmis Þingholtsstræti 29 sem hýsti Borgarbókasafnið, Fríkirkjuveg 11 og hús Hjálpræðishersins í miðborginni. Lengi var starfsemi tengd mjólkurvinnslu í húsinu eins og nafnið bendir til. Ýmis starfsemi gefur verið í húsinu á umliðnum árum eða frá því mjólkurvinnsla var flutt burt. Má þar nefnd að Bylgjan fyrsta einknarekna útvarpsstöðin hóf starfsemi sína þar. Þar hóf morgunútvarp Sigurðar G.



Gamla Osta- og smjörsalan við Snorrabraut.

Tómassonar og Reykjavík síðdegis Hallgríms Thorsteinssonar göngur sínar. Útvarpsþættir sem nutu mikillar athygli og vinsælda enda um margt ólíkir því sen fólk átti að venjast í íslensku útvarpi. Þarna hafði flugfélagið Arnarflug

aðstöðu um tíma Einnig kynningarfyrtæki OZ og Söngskólinn. Húsnæðið hefur lítið verið notað að undanförunu enda staðið til að eigna til íbúðabygginga á svæðinu enda stór lóð að baki gömlu Osta og smjörsölunnar.

Haldið áfram við Tryggvagötu

Frankvæmdir eru hafnar á ný við Tryggvagötu en nú er komið að gatnamótum Grófarinnar að fá nýtt og fallegt yfirbragð. Um er að ræða þriðja og síðasta verkáfangann í endurgerð Tryggvagötu þar sem endurnýja á lagnir ásamt jarðvegsskiptum og endurnýjun yfirborðs. Þessar framkvæmdir eru hluti af því að gera borgina betri, mannvænni, fallegri og aðgengilegri fyrir virka ferðamata.

Frankvæmdasvæðið takmarkast við Grófina sem heild, við gatnamót Vesturgötu og Tryggvagötu. Með því verður Tryggvagata tímabundið að botngötu bæði með aðkomu frá Geirsgötu og frá Kalkofnsvegi. Áhersla er lögð á greitt aðgengi gangandi og hjólandi sem verður tryggt með hjáleiðum sem verða vel merktar. Tvö stæði fyrir hreyfihamlaða flytjast til vegna framkvæmdanna og verða fyrir aftan Listasafn Reykjavíkur. Einnig eru þrjú stæði fyrir hreyfihamlaða þar sem framkvæmdum er lokið í Tryggvagötu. Áætlað er að framkvæmdum í Grófinni ljúki fyrripart sumars.



Hafnarhúsið við Tryggvagötu aðsetur Listasafns Reykjavíkur.



Gleðilega páska

Veldu páskaegg frá Nóa sem passar þér!

Nóa páskaegginn eru tilbúin. Við vonduðum okkur alveg sérstaklega. Litlu páskakanínurnar eru líka komnar aftur og þær eru svo sætar að þær eru ætar! Páskaegginn eru af öllum stærðum og gerðum, svo að allir ættu að finna egg við sitt hæfi.



Skoðaðu úrvalið, veldu og njóttu!



Verðlaunatilaga um breytt Lækjartorg

Mögnuð umbreyting - tákn fyrir nýja tíma



Þannig sjá höfundar verðlaunatilögunnar Lækjartorg fyrir sér sem miðstöð mannlífs.

*Lífið er fjörugt á Lækjartorgi
löngum er skyggja fer.
Fljóð með nettan fót
fara á stefnumót
og finna hann einmitt hér.
Löngum má sjá á Lækjartorgi
lífsgleði sérhvert kvöld,
hróp og hlátrasköll,
hávær óp og köll
og hér predika bæjarins postular fjöldanum píslir og syndagjöld.
Löngum má sjá á Lækjartorgi
lífsins gleði og sorg.
Bílar bruna hjá,
blása og vald sitt tjá
í vorri veglegu borg.
En lítill stúlka á Lækjartorgi
lítur um öxl sér hljótt.
Angar aftanblær
örar hjartað slær.
Hvort man hún ekki sakleysið sem hann rændi frá henni í nótt.*

Þeir sem komnir eru vel yfir miðjan aldur muna eflaust eftir því þegar Gestur Þorgrímsson myndlistarmaður og leikari söng um lífið á Lækjartorgi. Um miðja síðustu öld var Lækjartorg einn aðal miðpunkturinn í Reykjavík. Um það lágu leiðir inn og út úr miðborginni. Miðja verslunar var þar. Við Austurstræti og Laugaveg. Höfnin skammt undan með þeim hafnarmannvirkjum og hafnarstarfsemi sem var fyrir tíma Sundahafnar. Inn- og útflutningur fór þá um gömlu höfnina. Þarna var mannlíf þeirra tíma og oft iðandi. Þarna hittist fólk líka á kvöldin eins og Gestur söng um.

Síðan eru liðin mörg ár og Lækjartorg hefur í orðsins fyllstu merkingu mátt muna fífil sinn fegurri. Borgin óx og dreifðist. Verslun og viðskipti fóru víðar og líkt fór um mannlífið. Borgaryfirvöld misstu áhugann á Lækjartorgi sem einhverjum miðpunkti mannlífsins. Ef til vill hélt það í hendur við áhugaleysið sem skapaðist um Miðborgina. Hún varð afskipt. Horft var í aðrar áttir. Múlinn, Kringlumýri og byggð inn með Sundum risu upp. Athafnasvæðin þöndust út

meðan Miðborgin sat eftir. Þótt sjónum hafi aftur verið beint að Miðborginni og uppbygging hafin þar hefur torgið við Lækinn staðið að mestu autt um lengri tíma. Gömlum banka var breytt í dómhús. Helst sást til lögreglubíla að flytja grunaða sakmenn fyrir dómara eða til réttarhalds. Önnur umferð og viðdvöl var takmörkuð.

Efnt til samkeppni

Allt þar til nú. Hvað kemur til. Fjórdá mars s.l. voru kynntar hugmyndir og tillögur um endurbyggingu og framtíðar hlutverk Lækjartorgs. Forsaga þess er að Reykjavíkurborg og Félag íslenskra landslagsarkitekta efndu til hönnunarsamkeppninnar árið 2021 og var auglýst eftir tillögum sem hefðu rými fyrir fólk að leiðarljósi. Markmið samkeppninnar var að fá fram frjóar og áhugaverðar hugmyndir um hönnun Lækjartorgs og nærliggjandi gatna.

Samkeppnissvæðið náði yfir Lækjartorg, Lækjargötu frá Hverfisgötu að Austurstræti, Austurstræti frá Lækjargötu að Ingólfstorgi og Bankastræti frá Þinghóltsstræti að Austurstræti.

Niðurstaða dómnefndar

Dómnefnd komst að þeirri niðurstöðu að tillagan Borgarlind eftir Sp(r)int Studio og Karrens en Brands uppfylli flestar áherslur samkeppnislýsingarinnar. Hún gefi torginu og aðliggjandi gatnarýmum nýja vídd og nýtt og spennandi hlutverk í hjarta borgarinnar. Í frétt frá Reykjavíkurborg segir að tillagan sé allt í senn djörf, hlýleg og rómantísk. Hún beri með sér hugmyndaauðgi, sterka fagurfræðilega sýn, og næmni fyrir umhverfi og staðaranda. Hún lyfti Lækjartorgi upp á spennandi og áhugaverðan hátt. Hún flétti saman nútímann og söguna samhliða því að styrkja hlutverk Lækjartorgs sem vettvangur fjölbreyttra athafna og mannlífs. Sveigjanleiki, leikgleði og vel útfærð rými á torginu fela í sér ótal möguleika og tækifæri fyrir margvíslega viðburða á öllum árstímum eins og segir í umsögn dómnefndar.

Almannarýmið mikilvægasta verkefnið

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra ávarpaði fundinn eftir kynninguna. Hún sagði almannarýmið eitt mikilvægasta verkefnið sem við eigum saman. Þar koma allir saman óháð því hver við erum og hvaðan við erum að koma. Þetta er rými þar sem við mætumst og kynnumst öðru fólk. Hún sagði að almannarými hafi átt undir högg að sækja í borgum víða um heim. Þess vegna sé svo mikilvægt að rækta það og tryggja nánd þess við stofnanir samfélagsins.

Mögnuð umbreyting – tákn fyrir nýja tíma

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri óskaði verðlaunahöfum til hamingju með glæsilega tillögu. Hann þakkaði öllum hlutadeigandi fyrir vinnu sína og sömuleiðis forsætisráðherra fyrir samstarfið. „Mér fannst svo snjallt



Lækjartorg í nýju ljósi. Stjórnarráðið í baksýn.



Ýmsir nýttu Lækjartorg til þess að sýna sig og sjá aðra í gegnum tíðina. Hér má sjá Stefán Jónsson listamann og lífskúntner frá Möðrudal spila á harmonikku.



Þannig sá 14 ára stúlka lífið á Lækjartorgi fyrir sér 1965. Á kvennafrídaginn 1975 áratug síðar stóð hún sjálf á torginu og söng þorum viljum getum. Teikning: Þórdís Richardsdóttir.

að stilla þessu upp sem púsl en þetta púsl hefur einfaldlega vantað. Þarna kemur svo margt saman. Mér finnst þessi magnaða umbreyting borgarinnar vera líka tákn fyrir nýja tíma. Þegar kemur að umbreytingu borgarinnar, grænum áherslum til framtíðar, kolefnishlutlausum samfélagi og því að gefa fólk raunverulegt val í samgöngumálum, virkum samgöngumálum, þá stöndum við ekki bara saman í dag heldur til framtíðar.“ Hann sagði að um samstarf ríkis og borgar væri að ræða og að þetta vera langtímaverkefni sem kallaði á úthald, staðfestu og stefnufestu. „Þetta rammar svo mikið inn af þessum þáttum sem skipta máli,“ sagði Dagur.


Frá um miðja 19. öld

Lækjartorg á sér langa sögu. Torgið hafði veigamikinn sess í borgarlífinu um langa hríð. Því var gefið nafn árið 1848 en snemma á 19. öld var ákveðið að hafa opið svæði vestan Lækjar andspænis Stjórnarráðshúsins. Almennur siður var á meðal bænda að tjalda bæði á Lækjartorgi og Austurvelli þegar þeir heimsóttu höfuðstaðinn. Fyrsti útifundurinn sem haldinn

var á torginu var árið 1909 til að mótmæla brottvikningu Tryggva Gunnarssonar úr banka-stjórnastarfi við Landsbankann. Síðan hefur myndast hefð fyrir hinum ýmsu samkomum og útifundum, torgsölu og öðrum árstíðabundnum viðburðum. Einn þekktasti útifundur sem haldinn hefur verið á Lækjartorgi er Kvænnafundurinn sem haldinn var 24. október 1975 og rötudu myndir af þeim viðburði í fréttamiðla víða um heim.

Inngangur að nánasta umhverfi

Með hinni nýju verðlaunatilögu er kynnt hugarfarsbreyting gagnvart torginu og möguleikum þess í borgarmiðjunni. Samkvæmt henni mun torgið verða einskonar inngangur að nánasta umhverfi; Austurstræti, Lækjargötu, Hverfisgötu og Laugavegi. Umbreyting Lækjartorgs mun verða eitt af stóru skerfunum í endurreisn Miðborgarinnar. Lífið sem Gestur söng um á Lækjartorgi á ef til vill ekki afturkvæmt í sama ljósi enda um ákveðna lýsingu á samfélagi þess tíma að ræða. Litlum vafa er þó undirorpið að mannlífið muni koma aftur í nýjum tíðaranda.



FJÖLBRAUTASKÓLINN
VIÐ ÁRMÚLA

Bóknám

Opin stúdentsbraut
Félagsfræðabraut
Íþróttá- og heilbrigðisbraut
Náttúrufræðibraut
Viðskipta- og hagfræðibraut
Almenn námsbraut
Viðbótarnám til stúdentsprófs

Stuðningsnám

Sérnámsbraut

Listnám

Nýsköpunar- og listabraut

Starfsnám

Grunnnám heilbrigðisgreina
Heilbrigðisritarabraut
Lyfjatæknabraut
Heilsunuddbraut
Sjúkraliðabraut
Sóttthreinsitæknabraut
Tanntæknabraut
Þjónustutæknabraut



Opið hús

Þriðjudaginn 29. mars
frá kl. 16:30 til 18:00

Kynning á námsbrautum skólans,
fjarnámi, aðstöðu og félagslífi nemenda

Bolludagur, sprengidagur og öskudagur



Frá Öskudeginum í Vesturbæjarskóla.

Bolludagur, sprengidagur og öskudagur eru hátíðardagar í grunnskólunum. Í Vesturbæjarskóla mættu flestir í grímubúningi á öskudag, sem var miðvikudaginn 2. mars.

Kennarar skipulögðu eitt og annað skemmtilegt í heimastofum og svo var skemmtun á Sólvöllum. Á öskudag voru hamborgarar í hádegismat og er öllum börnum skólans boðið í mat. Á bolludaginn máttu allir sem vildu koma með bolla í nesti í skólann og á sprengidag, þriðjudaginn 1. mars var saltkjöt og baunir í hádegismat en það er gamall þjóðlegur réttur Íslendinga.

Hundrað daga hátíð í Grandskóla



Hundrað daga hátíð var haldið í Grandskóla á dögnum. Þá höfðu sex ára nemendur eða fyrstubeckingar verið 100 daga í Grandaskóla.

Farið var í skrudgöngu um skólann, fjör var í íþróttasalnum, horft var saman á mynd og pizzuveisla í lokin. Hundrað daga hátíðin er ein af hefðum Grandaskóla.

Hagaskóli hlaut hvatningarverðlaun

Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur efnir til hvatningarverðlauna fyrir leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarf á vegum borgarinnar ár hvert. Hagaskóli hlaut verðlaun fyrir verkefnið Lesskilningur. Verðlaunin voru afhent í byrjun mars á öskudagsráðstefnu grunnskólakennara og stjórnenda.

Forsaga þess er að á alþjóðlegum degi læsis var nýju gagnvirkum lesskilningsverkfæri hleypt af stokkunum í Hagaskóla. Hugmyndin að baki verkefninu er að til verði gagnvirkur lesskilningsvefur sem er í senn matstæki fyrir kennara og skólafirvöld og æfingatæki fyrir nemendur. Verkefnið byggir á þeim grunni að nemendur séu alltaf að lesa texta við hæfi og geti með virkni unnið sig áfram í þrepum. Dórnafnd telur að leggja beri áherslu á lesskilning nemenda alla skólagönguna því hann er grunnur að öllu bóklegu námi. Hér er á ferðinni áhugaverð leið til að einstaklingsmiða þjálfun og leiðbeinandi mat á lesskilningi nemenda sem gefur bæði kennurum, skólafirvöldum og nemendum upplýsingar um stöðu nemenda í lesskilningi og hvaða



Fulltrúi Hagaskóla tekur við viðurkenningunni.

þætti þurfi að þjálfa betur.

Markmið hvatningarverðlaunanna er að vekja athygli á því gróskumikla starfi sem fram fer í skólum borgarinnar. Verðlaunin eiga að veita starfsfólki jákvæða hvatningu, ásamt því að viðhalda og stuðla að nýbreytni- og þróunarstarfi. Verðlaunin eru viðurkenning fyrir vel unnin verk í þágu náms og

kennslu og staðfesting þess að starfið sé fyrirmynd annarra. Að þessu sinni bárust 14 tilnefningar vegna jafn margra verkefna. Tilnefningarnar sem bárust bera merki um þá miklu grósku sem er í skóla- og frístundastarfi í borginni þrátt fyrir erfiðar aðstæður í heimsfaraldrinum.

Landakotsskóli

Þrír hlutu íslenskuverðlaun

Þrír nemendur Landakotsskóla hlutu íslenskuverðlaun unga fólksins í bókmenntaborginni Reykjavík 2021. Þau eru Ágúst Minelga Ágústsson í 10. bekk, Anya Sara Ratanpal í 7. bekk og Ragnheiður Hafstein í 3. bekk. Verðlaunin voru afhent í Hörpu mánudaginn 21. febrúar.

Í tilnefningu Ágústar til verðlaunanna segir: Fyrir miklar framfarir í íslensku og afar góðan lesskilning á þungum texta, til dæmis Gísla sögu Súrssonar.

Í tilnefningu Önju til verðlaunanna segir: Fyrir góðan skilning á íslensku sem kemur fram í tilfinningu hennar fyrir flóknum hugtökum í ýmsum námsgreinum.

Í tilnefningu Ragnheiðar til verðlaunanna segir: Fyrir að hafa náð að tileinka sér ólíka nálgun í textaskrifum og hafa ótrúlega gott vald á tungumálinu þrátt fyrir ungan aldur. Allir 67 verðlaunahafarnir fengu viðurkenningarskjal og bókina Ljóðaúrval með ljóðum Jónasar Hallgrímssonar í samantekt Böðvars Guðmundssonar. Afhending verðlaunanna er venjulega á Degi íslenskrar tungu, 16. nóvember en fór að þessu sinni fram á Alþjóðadegi móðurmálsins 2022 þar sem fresta þurfti henni vegna heimsfaraldurs.



Ágúst, Anya Sara og Ragnheiður með viðurkenningarnar.

Reykjavík | Snæfellsbæ | Höfn Hornafirði

Síðumúla 27 | 588 4477 | www.valholl.is



Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri, lögg.
fasteignasali, leigumíðari
896 5222
ingolfur@valholl.is

Heidar Friðjónsson
Sölustjóri, löggiltur
fasteignasali B.Sc
693 3356
heidar@valholl.is

Hildur Harðardóttir
Lögfræðingur, löggiltur
fasteignasali, skjalagerð
897 1339
hildur@valholl.is

Snorri Snorrason
Löggiltur fasteignasali
895 2115
snorri@valholl.is

Hólmfríður Björgvinsdóttir
Ritari
588 4477
ritari@valholl.is

VALHÖLL
FASTEIGNASALA
STOFNUD 1995



Hrafnhildur B. Baldursdóttir
Löggiltur fasteignasali
BA í stjórnmálafræði
862 1110
hrafnhildur@valholl.is

Pétur Steinar Jóhannsson
Aðstoðarm. fasteignasala
Snæfellsnesi
893 4718
petur@valholl.is

Anna F. Gunnarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
Lista og innanhús Stilisti
892 8778
anna@valholl.is

Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali
899 9083
sturla@valholl.is

Elin Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
695 8905
elin@valholl.is

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!



Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð

OPÍÐ HÚS í Tækniskólanum

31. mars frá kl.15:00–18:00

Nánar á tskoli.is

Byggingatækniskólinn

- Húsasmíði
- Húsgagnasmíði
- Málaraiðn
- Múraraíðn
- Pípulagnir
- Tækniteiknun
- Veggfóðrun og dúkalögn

Hönnunar- og handverksskólinn

- Gull- og silfursmíði
- Hársnyrtiiðn
- Hönnunar- og nýsköpunarbraut – stúdentsleið
- Kjólasaumur
- Klæðskurður
- Fatatækni

Raftækniskólinn

- Rafeindavirkjun
- Rafvirkjun

Skipstjórnarskólinn

- Skipstjórn

Tæknimenntaskólinn

- Íslenskubraut fyrir útlendinga
- K2: Tækni- og vísindaleið
- Náttúrufræðibraut

Upplýsingatækniskólinn

- Bókband
- Grafísk miðlun
- Ljósmyndun
- Prentiðn
- Tölvubraut
- Tölvubraut - hönnun

Véltækniskólinn

- Rennismíði
- Stálsmíði
- Vélvirkjun
- Vélstjórn
- Flugvirkjun
- Jarðvirkjun

■ Hafnarfjörður

• Árleyni

■ Skólavörðuholt

■ Háteigsvegur



Við eigum frábært úrval af síðbuxum, kvartbuxum, hnébuxum og stuttbuxum í stærðum 36-58



belladonna

Skeifan 8 | 108 Reykjavík | sími 517 6460 | www.belladonna.is



Netverslun: systrasamlagid.is

Fríða Ísberg hlaut fjöruverðlaunin í flokki fagurbókmennta

Fríða Ísberg hlaut fjöruverðlaunin fyrir bókina Merking. Verðlaunin voru veitt í flokki fagurbókmennta. Í umsögn segir að Merking kallist skýrt á við íslenskan samtíma þó að sagan sé vísindaskáldsaga sem gerist í framtíðinni. Ólíkum persónum sé fylgt eftir þar sem sögur þeirra fléttast saman í frásögn sem gefur ekkert eftir í heimspekilegri skoðun á samfélagi okkar. Sagan sé frumleg og stíllinn nýskapandi og notkun tungumálsins einkar úthugsuð og áhrifarík og styður við heildstæða persónusköpun verksins.

Í flokki fræðibóka hlaut bókinn Sigurður Þórarinnsson, mynd af manni eftir Sigrúnu Helgadóttur verðlaun og Reykjavík barnanna eftir Margrétu Tryggvadóttur og Lindu Ólafsdóttur hlaut verðlaun í flokki barna- og unglingsbókmennta. Þetta er í sextánda sinn sem Fjöruverðlaunin eru veitt og í áttunda sinn síðan borgarstjóri Reykjavíkur, bókmenntaborgar UNESCO, gerðist verndari verðlaunanna og bauð Dagur B. Eggertsson gesti velkomna. Verðlaunahafar fengu verðlaunagripni gerða af listakonunni Koggu. Fríða Ísberg hefur m.a. lokið



Að lokinni verðlaunaafhendingu. F.v. Sigrún Helgadóttir, rithöfundur, Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir form. Félags um Fjöruverðlaunin, Margrét Tryggvadóttir, rithöfundur, Linda Ólafsdóttir, rithöfundur, Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri og Fríða Ísberg rithöfundur.

meistaraprófi í ritlist og hefur skapað sér nafn á undanförunum árum bæði sem ljóðskáld og einnig sagnahöfundur. Fríða er ættuð frá Vestmannaeyjum og

ólst upp í Kópavegi. Hún flutti í stúdentaíbúð á námsárum við Háskóla Íslands og settist síðan að í Vesturbænum.

Úkraínumessa í Dómkirkjunni

Messa tileinkuð Úkraínu var flutt í Dómkirkjunni sl. sunnudag. Formaður félags Úkraínumanna á Íslandi, Lyubomyra Petruk ávarpaði kirkjugesti og forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson flutti ávarp.

Séra Sveinn Valgeirsson dómkirkjuprestur þjónaði ásamt séra Önnu Sigríði Pálsdóttur. Thor Aspelund las ritningarlestur og Ástbjörn Egilsson las bæn. Douglas Brotchie lék á orgelið og Dómkórinn söng. Í messunni var flutt úkraínsk tónlist en sálmur 52 í sálmabókinni er eftir úkraínst tónskáld, Dimitri Bortnianskij; bænasvarið kyrie er frá úkraínsku rétttrúnaðarkirkjunni, Kórinn flutti úkraínska þjóðlagið Hljóðnar nú haustblær í útsetningu Magnúsar Ragnarssonar; ljóðið er eftir Sigríði Þorgeirsdóttur; og eftirspilið var úkraínski þjóðsöngurinn.



Anna Sigríður Pálsdóttir, Thor Aspelund, Ástbjörn Egilsson, Guðni Th. Jóhannesson, Lyubomyra Petruk og Sveinn Valgeirsson.



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfirmatækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

RECARO

Barnabílastólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Yngri börn komast í leikskóla í Vesturbæ

- Nýr leikskóli við Eggertsgötu og þrjár leikskólar í hverfinu stækka

Yngri börn komast nú inn í leikskóla borgarinnar. Síðastliðið haust fengu öll börn sem náð höfðu 18 mánaða aldri boð í leikskóla í Reykjavík þar sem áður var miðað við 24 mánaða aldur. Í haust verður byrjað að taka á móti 12 mánaða börnum í leikskóla borgarinnar. Yfir 800 ný leikskólarými verða tekin í notkun á þessu ári í borginni. Yfir 90 prósent barna í borginni komast í leikskóla í sínu hverfi.

Þetta er afrakstur kraftmikillar uppbyggingar á leikskólum í Reykjavík sem var samþykkt í árslok 2018 af Samfylkingunni og samstarfsflokki borgarstjórn, samkvæmt áætluninni Brúum bilið. Vegna barnafjölgunar er framundan mikil uppbygging leikskóla í hverfinu og borginni allri.

Gullborg, Hagaborg og Sæborg stækka

Í janúar síðastliðnum lauk framkvæmdum við leikskólann Gullborg við Rekagrandu sem getur þá tekið á móti 27 börnum til viðbótar. Leikskólinn Hagaborg, í nábýli við Melaskóla og Hagaskóla, mun sömuleiðis stækka með tveimur nýjum leikskóladeildum sem munu nýttast rúmlega 30 börnum. Stefnt er að opnun þessara deilda strax í haust. Þá er ráðgert að stækka leikskólann Sæborg við Starhaga með viðbyggingu sem mun rúma um 48 börn til viðbótar. Sæborg er staðsettur á falletti lóð við sjávarsíðuna og þar verður reist viðbygging sem verður tilbúin til notkunar innan þriggja ára.

Ævintýraborg opnar við Eggertsgötu

Nýr leikskóli opnaði þann 1. mars á horni Eggertsgötu og Njarðargötu

sem er hluti af þeirri lausn sem kallast Ævintýraborgir. Þar verður hægt að bjóða 85 börn velkomin í áföngum og mæta brýnni þörf fyrir leikskólarými í hverfinu. Ævintýraborg við Eggertsgötu brúar bilið þar til nýr og veglegur leikskóli opnar í Skerjafirði um eða upp úr miðjum áratug.

Mikil íbúafjölgun í Reykjavík

Íbúum Reykjavíkur hefur fjölgað um 10 þúsund frá 2017. Þá hefur orðið mikil fjölgun fæðinga undanfarin 2 ár, sem gerir það að verkum að þörfin fyrir ný leikskólaláss verður enn meiri en áður var talið. Við bregðumst við þessari þróun með því að fjölga plássum tvöfalt meira en áformað var 2018. Framundan er mesta uppbygging sem sést hefur í leikskólamálu á þessari öld og er stefnan að rúmlega 800 ný leikskólarými verði tekin í notkun í borginni á þessu ári. Þar með verður hægt að byrja að taka á móti 12 mánaða börnum í haust, þ.e. börnum sem verða 12 mánaða og eldri í byrjun september. Inntökualdur barna yfir vetrarmánuðina verður áfram hærri að meðaltali en fer þó hratt lækandi á komandi árum með fjölgun plássu. Alls fjölga plássu um 1680 á næstu 4 árum.

Arfleifð Reykjavíkurlistans

Sjálfstæðisflokkurinn byggði upp leikskólakerfi í Reykjavík á 60 ára valdatíð sinni sem einkenndist af skorti og mismunum gagnvart foreldrum. Foreldrar í sambúð gátu ekki fengið leikskólaláss nema hálfan daginn og mörg börn komust aldrei í leikskóla, þar á meðal undirritaður! Með tilkomu Reykjavíkurlistans undir forystu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur

borgarstjóra varð leikskóli að heilsdagsúrræði fyrir flest börn og með lögum frá 2008 var staðfest að leikskólinn væri menntastofnun, fyrsta skólastigið í íslensku menntakerfi. Nú er svo komið að tæp 90 prósent 1 til 5 ára barna ganga í leikskóla og yfir 90 prósent barna í Reykjavík njóta þess að sækja leikskóla í sínu borgarhverfi.

Mikil uppbygging um alla borg

Samfylkingin hefur leitt vinnu við að fjölga leikskólalássu með samstarfsflokki borgarstjórn, til að geta boðið yngri börnum í leikskóla. Sem dæmi höfum við opnað rúmlega 30 ungbarnadeildir, bara á þessu kjörtímabili, þar sem boðin eru velkomin börn allt niður í 15 mánaða og jafnvel yngri. Á þessu ári stefnir í að leikskólum fjölgi um 8 í Reykjavík, með 4 Ævintýraborgum með alls 345 plássu, nýjum ungbarnaleikskóla við Brietartún og nýjum leikskólum við Kleppsvæg, Safamýri og Ármúla. Þá verður fjölgað leikskóladeildum við að minnsta kosti fimm leikskóla víðs vegar um borgina, svo sem í Grafarvogi og Breiðholti og ekki síst í Vesturbæ eins og áður segir.

Lægstu leikskólagjöldin meðal stærstu sveitarfélaganna

Loks hefur verið sérstakt



Skúli Helgason.

metnaðarmál Samfylkingarinnar og samstarfsflokka í meirihlutunum að bjóða upp á lág leikskólagjöld og því eru almenn leikskólagjöld þau lægstu í Reykjavík af 15 stærstu sveitarfélögum landsins. Því til viðbótar hafa systkinaafslættir hækkað verulega og fóru árið 2021 upp í 100 prósent afslátt af leikskólagjöldum frá og með öðru barni.

Betri starfsaðstæður í leikskólum

Reykjavíkurborg hefur einnig fjárfest ríkulega í bættum starfsaðstæðum leikskólakennara og annars starfsfólks leikskóla borgarinnar og varið til þess rúmlega 4 milljörðum króna á kjörtímabilinu. Við höfum fjölgað starfsfólki á elstu deildum, fækkað börnum á hvern starfsmann, aukið undirbúnings tíma og fjármagn til faglegs starfs, þrefaldað fjármagn í viðhald

húsnæðis og svo framvegis. Það á sinn þátt í því að starfsánægja hefur vaxið samkvæmt viðhorfskönnunum, þó álag hafi vissulega aukist undanfarin misseri, ekki síst vegna afleiðinga COVID-faraldursins. Ráðningarmálin eru krefjandi verkefni en við höfum aukið stuðning við stjórnendur til að létta róðurinn í þeim efnum og hafa verður í huga að starfsfólki leikskóla hefur fjölgað verulega á kjörtímabilinu eða um 350 stöðugildi. Við munum halda áfram að bæta starfsaðstæður í leikskólum borgarinnar og leggja þar með okkar að mörkum við að fjölga leikskólakennurum, sem er eitt stærsta hagsmunamál leikskólanna um þessar mundir.

Skúli Helgason er formaður skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar og gallharður Vesturbæingur.

TÍMAMÓT



Mandöluhálsmen

Eru einstök gjöf fyrir fermingarfólk, þig og aðra. Falleg orð eru besta veganestíð út í lífi.



Kristalsvatnsflöskur með mánaðarsteini

Inu drykkjarflöskurnar má opna og bæta við sínum eigin kristal. Mánaðarsteinn fylgir með hverri flösku.



Einstök ftölsk kerti

Gefðu veislunni annan blæ og veldu þessi ómótstæðilegu kerti.



Jógadýnan sem jógakennarinn velur Manduka PRO 6mm er af flestum viðurkennd sem besta fjárfestingin. Hún fylgir þér að eilífu. Frábær gjöf. Jafnvel fermingargjöf.

Dómkirkjan um páskana



Skírdagur

Fermingarmessa klukkan 11.00.

Séra Sveinn Valgeirsson og séra Elínborg Sturludóttir.

Dómkórinn og Kári Þormar dórmorganisti.

Messa kl. 20.00.

Séra Elínborg Sturludóttir og séra Sveinn Valgeirsson. Dómkórinn og Kári Þormar dórmorganisti. Getsemanestund, andakt meðan altari er afskrýtt.

Föstudagurinn langi

Guðþjónusta kl. 11.00.

séra Sveinn Valgeirsson, Dómkórinn og Kári Þormar dórmorganisti.

Páskadagur

Hátíðarmessa kl. 8.00.

Biskup Íslands Agnes M. Sigurðardóttir prédikar og dómkirkjuprestar þjóna fyrir altari.

Dómkórinn og Kári Þormar.

Hátíðarmessa kl. 11.00.

Séra Elínborg Sturludóttir prédikar og séra Sveinn Valgeirsson þjónar. Dómkórinn og Kári Þormar.

Annar í páskum

Prestsvígsla kl. 11.00.

Biskup Íslands Agnes M. Sigurðardóttir vígir og séra Sveinn Valgeirsson þjónar. Dómkórinn og Kári Þormar dórmorganisti.

Minum á síðdegistónleika, tíðasöng, örpílagrímagöngur og kyrrðarstundir. Sjá nánar á fésbókinni og domkirkjan.is

Gleðilega páska!



Afgreiðslutími:
Mán: 11-16
Þri-fös: 11-18
Lau: 11-16

ÓÐINSGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367



Kyrravika og páskar í Neskirkju

Pálmásunnudagur, 10. apríl

Hátíðarmessa kl. 11.00 á vígsludegi kirkjunnar.

Kór Neskirkju syngur undir stjórn Steingríms Þórhallssonar. Báðir prestar kirkjunnar þjóna. Sunnudagskólinn er á sínum stað með söng, sögum og gleði.

Kaffiveitingar og samfélag á Torginu eftir messu.

Skírdagur, 14. apríl

Messa og máltíð í kirkjuskipinu kl. 18.00.

Viðstaddir gæða sér á mat. Þau sem geta leggja eitthvað á borð með sér. Brauði og víni er deilt út undir borðum.

Prestur er sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir. Félagar úr Kór Neskirkju syngja undir stjórn Steingríms Þórhallssonar organista.

Föstudagurinn langi, 15. apríl

Helgistund kl. 11.00. Píslarsagan lesin og hugleidd.

Tónlist í anda dagsins. Steingrímur Þórhallsson er við hljóðfærið. Prestur er sr. Skúli S. Ólafsson.

Páskadagur, 17. apríl

Hátíðarmessa kl. 8.00.

Kór Neskirkju syngur undir stjórn Steingríms Þórhallssonar. Hátíðartón sr. Bjarna Þorsteinssonar sungið. Prestar kirkjunnar þjóna. Morgunkaffi og páskahlátur að messu lokinni.

Fjölskylduguðsþjónusta og páskaeggjaleit kl. 11:00.

Sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir leiðir stundina ásamt starsfólki barnastarfsins.

Fermingarmessur eru sunnudaginn 3. apríl kl. 13.30, laugardaginn 9. apríl kl. 11.00 og 13.30 og annan í páskum 18. apríl kl. 11.00.

Velsæld barna í forgang

Eitt stærsta verkefni sveitarfélaga er að sinna börnum. Í Reykjavík eru börn sett í forgang og við sjáum það á þeim verkefnum sem Viðreisn og núverandi meirihluti hefur lagt áherslu á.

Bilið brúað

Eitt helsta kosningamál Viðreisnar var að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla. Það á að veita barnafólki góða þjónustu. Það er ekki nóg að vera með ódýrustu leikskólagjöldin meðal stærstu sveitarfélaga landsins. Til að ná þessu takmarki hefur starfsfólki á leikskólum þegar verið fjölgað um 350 á kjörtímabilinu. En við þurfum að gera betur. Við höfum tímasettar áætlanir um að opna 850 ný leikskólarymi í ár, m.a. með því að opna sjö nýja leikskóla. Þannig munum við ná að bjóða öllum 12 mánaðar börnum leikskólaláss strax í haust og lækka meðalaldur barna við inntöku úr 19 mánuðum í 15 mánaða.

Á kjörtímabilinu hefur fjölgað um 133 leikskólarymi í sjálfstætt starfandi leikskólum. Viðreisn styður sjálfstæða skóla og vill gjarnan að þeim fjölgi. Því á Reykjavík nú við viðræðum við þessa leikskóla um að fjölga leikskólalássum enn frekar.

Betri borg fyrir börn

Verið er að stórefla grunnskóla borgarinnar til að taka betur utan um börnin. Með betri borg fyrir börn er verið að færa þjónustu við börn nær börnunum sjálfum og inn í skólana. Við erum líka að gera skólunum betur kleift að auka þjónustu sína og takast á við fjölbreytileikann meðal nemendahópsins. Á sama tíma fá skólastjórnendur aukið faglegt frelsi og ábyrgð til að mæta þessum fjölbreytileika með auknu teymisstarfi fagfólks á sviðum velferðar, heilbrigðis og skóla. Þetta aukna utanumhald um börnin okkar mun kosta meiri

pening og við erum þegar búnin að tryggja skólum það fjármagn.

Betra skólahúsnæði

Í gangi er eitt stærsta viðhaldsátak sem sést hefur. Óf mikil viðhaldsskuld safnaðist saman í kjölfar efnahagshrunsins og það er komið að skuldadögum. Það er búið að meta ástand allra skólabygginga í borginni, hvort sem það eru leikskólar, grunnskólar eða frístund og greina hvar viðhalds er þörf. Þar sem þetta er risaframkvæmdaverkefni mun það taka um fimm ár að ná að klára öll útistandandi viðhaldsverkefni. En að þeim tíma loknum vonumst við til að vera búnin að ná í skottið á viðhaldsskuldinni sem fékk því miður að safnast allt of lengi upp. Börnin okkar munu þá búa við meira öryggi og heilnæmara húsnæði. Fyrsta skrefið var að taka upp mun skýrari verklagsferla þegar grunur um myglu í húsnæði kemur upp. Það hefur leitt til þess að í dag er meira rask á skólastarfi en áður en kosturinn er að börnin og starfsfólk er strax tekið út úr óheilnæmum raka og farið er strax í viðgerðir.

Á komandi kjörtímabili þurfum við að halda áfram á þessari stefnu. Að fjölga starfsmönnum leikskóla, og leikskólalássum hjá sjálfstætt starfandi skólum, auka sjálfstæði skólastjórnenda og færa þjónustuna við börn til þeirra og stuðla þannig að enn betri borg fyrir börn.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, oddviti Viðreisnar og formaður borgarráðs.



Þórdís Lóa Þórhallsdóttir.

Er hleðsla rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málið með hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi

Hlutlaus úttekt og ráðgjöf fyrir húsfélög um fyrirkomulag rafbílahleðslu og framkvæmdaáætlun.

Útvegum og berum saman tilboð og aðstoðum við styrkjaumsóknir.

- » Þarf stærri heimaug?
- » Hvaða lausn hentar best?
- » Er kerfið búið álagasstyringu?
- » Sjálfvirk greiðslu- og innheimtakerfi?



EIGNAumsjón

20 ára

thjonusta@eignaumsjon.is | eignaumsjon.is

FALLEGIR LEGSTEINAR

ERUM FLUTT

Eyrartröð 16
220 Hafnarfirði

Opnum 22. febrúar n.k.
kl. 11-16



Bergsteinar
legsteinagerð

Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði
sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Fjöldi fólks á þorrablóti KR



Fjöldi fólks mætti á þorrablót KR og gleðin var við völd. Mynd. Erling Ó. Aðalsteinsson.

Fjöldi fólks mætti og tók þátt í þorrablót KR. Guðmundur Benediktsson var veislustjóri sem hófst með fordrykk klukkan 19. Hópurinn KR konur stóð að viðburðinum og allur ágóði af kvöldinu rennur til yngri flokka starfs KR.

Ýmislegt var til skemmtunar. Snjólaug Lúðvíksdóttir var með uppistand og Bartónar og kór

Kaffibarsins söng. Síðar um kvöldið stigu strákarnir í Björtum sveiflum á svið og léku fyrir dansi til um kl. eitt un nóttina. Selma Björnsdóttir tók nokkra slagara með strákabandinu og stemningin var góð. Greinilega var kominn tími til að skemmta sér eftir langvarandi samkomubann.

KR og Alvotech undirrita 4 ára samning

Alvotech og knattspyrnudeild KR hafa skrifað undir samstarfs-samning til næstu fjögurra ára. Samningurinn nær til allra knattspyrnuflokka KR og felur í sér ýmiss konar samstarf og viðburði.

Það voru Jóhann Jóhannsson og Árni Harðarson sem mættu fyrir hönd Alvotech, auk Páls Kristjánssonar, formanns knattspyrnudeildar KR og undirrituðu samninginn í KR heimilinu í Frostaskjól á dögnum.

Það er mikilvægt fyrir félag eins og KR að hafa öflugan bakhtarla til að styðja við bakið á starfsemi félagsins. Alvotech tók við af Alvogen sem styrktaraðili árið 2021 en Alvogen hafði styrkt félagið frá 2014 svo um er að ræða framhald af margra ára samstarfi félagsins við KR.



Forráðamenn Alvotech og knattspyrnudeildar KR.

“Stuðningur við íþróttastarf fellur einstaklega vel að hlutverki Alvotech sem er að bæta lífsgæði fólks. Það er okkur sérstaklega ánægjulegt að styðja

með þessum hætti við nærsamfélag okkar í Vesturbænum.” Sagði Jóhann Jóhannsson við undirritun samningsins.

Vorið er komið í Blómagallerí.

Mikið úrval af fallegum blómum fyrir fermingarnar, páskana og hin ýmsu tilefni.



BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

FYRIRTAÐ
málningarþjónusta

TRAUST
OG
ÁBYRG
ÞJÓNUSTA

www.fyrirtak.is - fyrirtak@fyrirtak.is - sími: 7707997

LÍTIL VERK - STÓR VERK
OG ALLT ÞAR Á MILLI



LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM



Geirsgata 1 • Sími 511 1888


Gómsæti í göngufæri

Kjötkompaní

SMÁRÉTTIR

ALLT FYRIR VEISLUNA

... eða af því bara!



Hafnarfjörði & Grandá

www.kjotkompani.is



578 9700



kjotkompani@kjotkompani.is



[kjotkompani](https://www.facebook.com/kjotkompani)